

Samleguhamlan í beygingu íslenskra nafnorða

1. Inngangur

Þessi grein fjallar um fyrirbrigði í orðhlutafræði sem mætti nefna **samleguhömluna**.¹ Þessi hamla segir að **samhengisháð myndbrigði** (e. *contextual allomorphy*) geti eingöngu stjórnast af **línulega samliggjandi myndönnum**, þ.e.a.s. þeim sem eru næst á undan og eftir myndbrigðunum.² Hamlan spáir því að grundvallarmunur ætti að vera á því hvernig beygingarmynstur málhafi getur tileinkað sér eftir því hvort beygingarmyndanið er við hlið rótar eða hvort annað myndan kemur á milli rótar og beygingar. Beygingu sem málhafi getur tileinkað sér eru því settar ólíkar skorður í orðum eins og *leik-ur* og *leik-ar-i* þó að bæði orðin séu nafnorð og bæði séu leidd af sömu rót.

Pau gögn sem eru til skoðunar eru myndbrigði í íslenskri nafnorða-beygingu.³ Það er áhugavert að skoða íslensk nafnorð í þessu samhengi vegna þess að samleguhamlan spáir því að rötarskilyrt myndbrigði séu útilokkuð ef eitthvert viðskeyti er borið fram milli rótar og beygingar en íslensk nafnorð bjóða upp á aragrúa tilvika þar sem mögulegt er að leita hugsanlegra gagnðæma. Greinin byggir fyrst og fremst á samanburði dæma af því tagi sem lýst er í (1). Þeirri venju verður fylgt að nota ferningsrótarríthátt fyrir rætur þegar vísað er í rót sem formlega einingu. Enn fremur verður merkimiðinn *n* notaður fyrir **nafnorðsviðskeyti** (e. *nominalizer*), en það hugtak samsvarar nokkurn veginn afleiðsluviðskeyti sem býr til nafnorð í hefðbundinni málfræði. Munurinn á (1a) og (1b) felst í því hvort viðkomandi orð hafa nafnorðsviðskeyti eða ekki.

¹ Ég þakka ritstjóra, nafnlausum yfirlesurum, David Embick, Einari Frey Sigurðssyni og Hjördísi Stefánsdóttur gagnlegar ábendingar og samtöl. Höfundur ber ábyrgð á öllum mistökum sem eftir standa.

² Orðið *samlega* er notað hér frekar en *grannstaða* vegna þess að grannstaða er stundum notuð um stigveldisvensl í hrislu þegar talað er um grannstöðuskilyrðið (e. *subjacency condition*), sbr. t.d. Eirík Rögnvaldsson (1995). Samlega er línulegt samband tveggja myndana sem eru hlið við hlið.

³ Hér má nefna til samanburðar að samlega í rötarmyndbrigðum íslenskra sagnorða kemur við sögu hjá Wood (2012:128).

- (1) a. $\sqrt{\text{RÓT}}$ -beyging
 b. $\sqrt{\text{RÓT-}n}$ -beyging

Samkvæmt samleguhoömlunni sér beygingarmyndanið rótina í (1a) en beygingin getur ekki ráðist af rótinni þegar nafnorðsviðskeyti er borið fram milli rótar og beygingar eins og í (1b). Hér fyrir neðan eru tvö dæmi um orð sem eru leidd af rótinni $\sqrt{\text{LEIK}}$ þar sem hið fyrra hefur ekkert viðskeyti en síðara dæmið hefur nafnorðsviðskeytið *-ar*.

- (2) a. $\sqrt{\text{LEIK}}$ -ur
 b. $\sqrt{\text{LEIK}}$ -ar-i

Málhafi verður að leggja á minnið í (2a) að nf. et. er *-ur* með þessari rót.⁴ Formið á nf. et. er annað með ýmsum öðrum rótum, t.d. $\sqrt{\text{KASS}}$ -i. Málhafinn þarf aftur á móti ekki að vita neitt um rótina til að velja form á nf. et. í *leikari* og getur í raun ekki notað upplýsingar um rótina til að ákveða form beygingarinnar. Hann þarf einungis að vita um hvaða nafnorðsviðskeyti er að ræða. Fyrirbærið sem liggur til grundvallar greininni er eftirfarandi:

- (3) Sama nafnorðsviðskeyti beygist alltaf eins.

Þessi staðreynd kemur óbeint fram í umræðu um beygingu þegar sagt er að orð með tiltekið viðskeyti beygist með tilteknum hætti. Stundum er t.a.m. sagt eitthvað á þá leið að orð sem enda á *-ing*, t.d. *bygging*, eða einhverju öðru viðskeyti, beygist eftir tilteknu mynstri (t.d. Valtýr Guðmundsson 1922, Guðrún Kvaran 2005). Þess vegna er ekki við því að búast að (3) komi sérstaklega á óvart, en lýsandi málfræði íslenskrar nafnorðabeygingar leggur að jafnaði áherslu á þau mynstur sem eru möguleg í tilteknu umhverfi en ekki þau sem eru ómöguleg. Í þessari grein verður lögð megináhersla á að (4) er útilokað mynstur ef X er nafnorðsviðskeyti sem ber sömu þætti og hefur sama hljóðfulltrúa, líkt og *-ar* í orðum eins og *leik-ar-i* og *bók-ar-i*, og Y og Z eru tveir ólíkir hljóðfulltrúar sama beygingarmyndans, t.d. kk. nf. ft. Samkvæmt þessu er ekki von á því að aðgreining gæti orðið til á milli nf. ft. *leik-ar-ar* og **bók-ar-ir*. Slik þróun ætti að vera útilokuoð.

- (4) a. $\sqrt{\text{RÓT}_1}$ -X-Y
 b. $\sqrt{\text{RÓT}_2}$ -X-Z

⁴ Stundum er litið svo á að þessi ending sé aðeins *-r* og að *u*-innskot leiði út yfirborðsgerð orðsins (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990:63). Það hefur ekki áhrif á efni þessarar greinar hvor leiðin er farin.

Tilgátan um samleguhömluna í sinni djörfustu mynd er umdeild og hefur verið tekin fyrir á gagnrýninn hátt í nýlegum skrifum (sjá t.d. Merchant 2015). Þess vegna er mikilvægt fyrir orðhlutafræði að sjónum sé beint að fyrirbærum þar sem verulegur fjöldi dæma samræmist hömlunni án undantekninga. Í 2. kafla verður gerð nánari grein fyrir samleguhömlunni eins og hún hefur verið útfærð í dreifðri orðhlutafræði (e. *Distributed Morphology*, sbr. t.d. Halle og Marantz 1993, Harley og Noyer 1999, Embick 2010). Í slíku kerfi er gert ráð fyrir að samleguhamlan sé ekki tilviljun heldur afleiðing af því hvernig málkunnáttan er skipulögð og þar með hluti af algildismálfræðinni (e. *Universal Grammar*). Þar með fæst hugsanleg skýring á því hvers vegna sama viðskeyti beygist alltaf eins. Í 3. kafla verður rýnt í gögn úr íslensku til stuðnings kenningunni um samleguhömluna og í 4. kafla verða helstu niðurstöður dregnar saman.

2. Samleguhamlan

Hér verður fjallað um samleguhömluna á sama hátt og hjá Embick (2010, 2012), en þar er sett fram útfærsla á dreifðri orðhlutafræði (DO) sem gerir ráð fyrir að línuleg vensl skipti sköpum við ákvörðun myndbrigða. Sú djarfa framsetning sem þar birtist er umdeild (sbr. Merchant 2015) og því er tilefni til að skoða nánar þá eiginleika mála sem svona hamla getur skýrt. Þó að fræðileg verkfæri DO verði notuð í eftirfarandi umfjöllun er tilgangurinn með greininni ekki að færa almenn rök fyrir slíku kenningakerfi. Fjalla mætti um samleguhömluna í annars konar kerfi að því gefnu að það feli í sér skýringar á sömu fyrirbærum.

Til að fjalla um hömluna á nákvæman hátt verða fyrst settar fram skilgreiningar á nauðsynlegum hugtökum:

- (5) **Myndbrigði** (e. *allomorphy*) felast í því að sama myndan (e. *morpheme*) eigi sér fleiri en einn hljóðfulltrúa (e. *phonological exponent*).

Gerum ráð fyrir að myndön beri málfræðilega þætti eins og kyn, tölu og fall. Segjum enn fremur að myndan sé eitt og sama myndan þegar það ber nákvæmlega sömu þætti. Beygingarmyndan Y gæti t.d. verið samansafn þáttanna [KK, NF, ET]. Samkvæmt þessu eru það myndbrigði að beygingarmyndanið [KK, NF, ET] hefur hljóðfulltrúann *-ur* í *hest-ur* en *-i* í *kass-i*.


Oft er sagt að myndbrigði séu samhengisháð:

- (6) **Samhengisháð myndbrigði** (e. *contextual allomorphy*) felast í því að val á hljóðfulltrúa myndans ráðist af eiginleikum annars myndans.

Ef við segjum að ómarkaður fulltrúi kk. nf. et. sé *-i* og að málfarar leggi á minnið hvar *-ur* er borið fram þá mætti greina þessi samhengisháðu myndbrigði á eftirfarandi hátt þar sem bogadregna táknið $\sqrt{\quad}$ táknar línulega samlímingu. Það skiptir ekki máli fyrir útskýringuna á hugtökunum hvor hljóðfulltrúinn er í raun ómarkaður heldur aðeins að rótarskilyrt víxl séu á milli þeirra:

- (7) a. beyging[KK, NF, ET] \leftrightarrow *-ur* / $\{\sqrt{\text{LEIK}}, \sqrt{\text{HEST}}, \dots\}$ $\sqrt{\quad}$
 b. beyging[KK, NF, ET] \leftrightarrow *-i*

Í svona kenningakerfi er gert ráð fyrir að fyrst sé búin til formgerð myndana og að hljóðfulltrúar þeirra séu svo ákveðnir eftir á til samræmis við **hljóðöld** (e. *vocabulary item*) á borð við (7a) og (7b). Formgerð fyrir orð eins og *leik-ar-i* gæti t.d. verið eftirfarandi þar sem $\sqrt{\text{LEIK}}$ er rót, *n* nafnorðsviðskeytið *-ar* og beygingin er *-i*.



En hvers vegna getur hljóðfulltrúi beygingarmyndans ekki ráðist af rótinni? Tvö skilyrði skipta höfuðmáli fyrir samleguhömluna:⁵

- (9) a. Ákvörðun hljóðfulltrúa byrjar innst í formgerðinni og heldur áfram út á við.
 b. Samhengisháð myndbrigði krefjast samlímingar (línulegrar samlegu).

Skilyrði (9a) byggir á útfærslu Bobaljik (2000) á dreifðri orðhlutafræði og að því gefnu hefur (9b) þau áhrif að myndan á milli ratar og beygingar kemur í veg fyrir rótarskilyrt myndbrigði á beygingunni. Nafnorðsviðskeytið, þ.e. *n*, hefur hljóðfulltrúann *-ar* og hann er settur inn línulega á milli ratar og beygingar áður en beygingin fær hljóðfulltrúa.

- (10) a. $\sqrt{\text{RÓT-Y}}$
 b. $\sqrt{\text{RÓT-X-Y}}$

⁵ Orðalagið hér er mjög svipað og í Embick (2012) þar sem segir: „(A1) Insertion proceeds from the inside-out“ og „(A2) Contextual allomorphy requires concatenation (linear adjacency)“. Hugmyndirnar eru þó þegar til staðar hjá Embick (2010) sem segir: „Vocabulary insertion applies first to the most deeply embedded node in a structure and then

Í dæmi (10a) getur hljóðfulltrúi Y ráðist af því hver rótin er og hljóðfulltrúi rótarinnar getur ráðist af því hvaða þætti Y ber. Þannig geta víxl milli hljóðfulltrúa rótar eins og í *góður–betri* í stigbeygingu lýsingarorða ráðist af þáttum sem tengjast miðstigi og eru bornir fram í næsta myndani til hægri við rótina. Í dæmi (10b) sjá rótin og X hvort annað og X-Y sömuleiðis en rót og Y geta ekki ráðið myndbrigðum hvort á öðru. Samkvæmt svona kenningu getur því línulega næsta myndan á hvorri hlið sem er haft áhrif á hljóðfulltrúa X en engin myndbrigði eru leyfð í gegnum myndan sem stendur í veginum. Myndbrigði nafnorðsviðskeytisins *n* geta t.d. ráðist af rótinni sem þau standa með á vinstri hlið eða beygingarþáttum á hægri hlið eins og sjá má af víxlum *-and/-end* í orðum eins og *leikandi* og *seljandi*, en hljóðfulltrúi þessa nafnorðsviðskeytis er *-end* í fleirtölu.

- (11) nf. et. leik-and-i
 nf. ft. leik-end-ur

Í orðum af þessu tagi kemur aftur á móti ekki til greina að hljóðfulltrúi rótarinnar ráðist af beygingunni eða að hljóðfulltrúi beygingarinnar ráðist af rótinni. Samleguhamlan bannar slíkt vegna þess að *-and/-end* kemur á milli. Ef spádómar þessarar hömlu eru sannir þá er eftirsóknarvert ef þeir eru afleiðing af hugmyndum okkar um skipulag málkunnáttunnar frekar en tilviljun og þess vegna eru skilyrði eins og í (9) gagnleg. Þessi skilyrði skýra samleguhömluna og ef verulegur fjöldi dæma í íslensku samræmist hömlunni án undantekninga þá renna dæmin stöðum undir kenninguna.

3. Íslensk nafnorðabeyging

Í kerfinu sem var sett fram í síðasta kafla getur beyging sem er tengd við ákveðna rót aðeins komið fram ef beygingin er límd við rótina. Samleguhamlan spáir því þar með að til séu fjölmörg vel skilgreind tilvik í íslenskri nafnorðabeygingu þar sem rótaraskilyrt beyging er útilokuð. Þetta er áhugavert í ljósi þess að nafnorðabeyging einkennist við fyrstu sýn af mynstrum þar sem leggja þarf á minnið hvaða ending er notuð með hvaða rót.

Ýmis dæmi eru um að hljóðfulltrúi beygingarinnar sé skilyrtur af rótinni. Sterka þágufallsendingin sem er vanalega *-i* í orðum eins og *land* er

targets outer nodes successively“ (bls. 42) og „[...] a morpheme can show contextual allomorphy determined by another morpheme only when these two pieces are linearly adjacent to one another“ (bls. 15).

-Ø með sumum rótum⁶ og stundum er breytilegt hvort endingin er *-i* eða *-Ø*, sbr. umræðu hjá Kristínu Bjarnadóttur (2010) um orð eins og *engifer* og *saffran* þar sem báðar beygingarendingarnar koma fyrir. Dreifingu eignarfallsendinganna *-s* og *-(j)ar* þarf sömuleiðis að leggja á minnið (sjá Czajokowska 2009), til dæmis með því að læra lista yfir þær rætur þar sem *-ar* kemur fyrir og gera ráð fyrir að *-s* sé ómarkaður hljóðfulltrúi eignarfalls. Stundum er það jafnvel háð innri breytileika⁷ í máli eins einstaklings hvor endingin er valin með sömu rót. Eftirfarandi er náttúrulegt dæmi af vefnum (af mbl.is, leturbreyting mín):

- (12) Tvö hjól ræstivagnsins höfðu orðið milli **vegg-s** og lyftu sem olli því að hún komst ekki alla leið upp. Þegar maðurinn teygði sig inn í lyftuna til að athuga málið skipti engum togum að lyftan féll niður með hann innanborðs þannig að annar fótur hans klemmdist milli **veggjar** lyftuganganna og þaks lyftunnar með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði.

Svona dæmi sýna að það er hægt að leggja á minnið að rót velji hljóðfulltrúa beygingarmyndans. Þekking málhafa á dreifingu *-Ø/-i* og *-s/--(j)ar* getur þannig falið í sér upplýsingar um tiltekna rætur. Málhafi getur lært að beygingarmyndanið fær formið Y_1 með sumum rótum, Y_2 með öðrum, og með enn öðrum koma bæði Y_1 og Y_2 til greina.

Það er ekki markmið þessarar greinar að gera grein fyrir öllum þeim fjölbreytileika í beygingu sem finna má í rótarlímdu beygingarendingum í íslenskum nafnorðum. Þeim mynstrum sem er að finna í málinu eru gerð góð skil annars staðar (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990, Ástu Svavarsdóttur 1993, Guðrúnu Kvaran 2005). Samkvæmt einni lýsingu eru beygingarmynstrin 96 talsins (kennsluefni Jóns Friðjónssonar, tilvitnað eftir Guðrúnu Kvaran 2005:78). Þessi fjöldi veltur auðvitað á ýmsum ákvörðunum um það hvernig á að telja en hér skiptir aðeins máli að til séu a.m.k.

⁶ Yfirlesari bendir á að í einhverjum tilvikum geti víxl af þessu tagi ráðist að einhverju leyti af hljóðkerfislegum eiginleikum rótar og nefnir t.a.m. að Friðrik Magnússon hafi bent á það að „margir fylgja þeirri (ómeðvituðu) meginreglu að láta sterk karlkynsorð enda á *-i* í þgf.et. ef stofninn endar á tveim samhljóðum“ eins og Höskuldur Þráinsson (1995:201–202) bendir á. Kerfið sem hér er notað getur vísað til slíkra eiginleika þannig að slíkt samræmist kenningunni sem er til umfjöllunar. Það sem máli skiptir er að hljóðfulltrúi beygingarinnar er ekki alltaf fyrirsegjanlegur án þess að vísa í tiltekna rót.

⁷ Ég nota orðalagið *innri breytileiki* til að þýða *intra-speaker variation* á sama hátt og Iris Edda Nowenstein (2012, 2014), þ.e. „hugtakið lýsir því að sami málhafi noti ýmist eitt máltilbrigði eða annað“ (Iris Edda Nowenstein 2012:19). Enska hugtakið er alþekkt og kemur m.a. mikið við sögu í félagsmálfræði.

einhver tilvik þar sem þekking á hljóðfulltrúa rótarlímds beygingarmyndans þarf að fela í sér þekkingu á einstökum rótum. Slík dæmi eru mikilvæg vegna þess að samleguhamlan spáir því að þekking á einstökum rótum geti aldrei ráðið hljóðfulltrúa beygingarmyndans þegar sýnilegt nafnorðsviðskeyti kemur á milli rótar og beygingar.

Til að láta reyna á það að sama nafnorðsviðskeyti beygist alltaf eins voru tekin til skoðunar viðskeytin kk. *-ar*, kk. *-(n)ing*, kvk. *-un*, kk. *-and* og kvk. *-(n)ing* og beyging þeirra könnuð í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) sem var sótt í heild sinni sumarið 2014. Ástæðan fyrir því að þessi viðskeyti voru valin er sú að þau eru öll algeng í nútímamáli og trúlegt að allir núlifandi málfarar greini þau sem aðskilin nafnorðsviðskeyti en ekki sem hluta af rót. Skrifað var forrit sem staðfesti m.a. að viðskeytið *-ar* beygist alltaf með eftirfarandi hætti óháð því hvaða rót stendur með því.

(13) et. nf.	leik-ar-i
	þf. leik-ar-a
	þgf. leik-ar-a
	ef. leik-ar-a
ft. nf.	leik-ar-ar
	þf. leik-ar-a
	þgf. leik-ur-um
	ef. leik-ar-a

Samsettum orðum var sleppt til þess að tvítelja ekki sömu rót og niðurstaðan var sú að öll þau 557 orð sem komu fyrir með þessu viðskeyti beygðust eins. Ólíkt rótarlímdri beygingu eins og í *veggur*, samanber fyrri umræðu, er ekkert dæmi um að málfarar tileinki sér sérstakar beygingarreglur fyrir tiltekna rót. Ekkert orð með *-ar* hefur sína eigin eignarfallsendingu eða sýnir breytileika á borð við ef. et. *veggs/veggjar*. Hér er vert að benda á að ekki er nóg að nota svokölluð *wug*-próf til að staðfesta virkni samleguömlunnar heldur verður í raun að skoða öll orðin í stóru gagnasafni eins og BÍN. Við getum að vísu staðfest að bullorðið *núrari* beygist eins og *leikari*, en það sýnir aðeins að mynstrið er virkt, mögulegt og hugsanlega einhvers konar sjálfgefinn kostur. Það sem máli skiptir er að málfarar geta ekki tileinkað sér rótarskilyrta beygingu í gegnum nafnorðsviðskeyti. Samleguhamlan segir að það sé útilokað að einhver kynslóð málfara taki upp á víxlum eins og ef. et. *leikara/leikars* með þessari einu rót þó að slík víxl séu möguleg með rótarlímdri beygingu eins og *veggs/veggjar*. Hið sama gengur eftir í BÍN með öllum þeim viðskeytum sem voru til athugunar, sbr. (14):

(14) Rótarskilyrðing beygingar sem límist við nafnorðsviðskeyti

<i>n</i>	kyn	orðafjöldi	rótarskilyrðing	dæmi
-ar	kk	557	o	leikari
-(n)ing	kvk	482	o	aukning
-un	kvk	417	o	skemmtun
-and	kk	228	o	byrjandi
-(n)ing	kk	80	o	reikningur

Taflan í (14) dregur saman þessar niðurstöður úr beygingarlýsingunni. Dæmin styðja öll samleguhoömluna.

En er þetta mynstur raunverulega án undantekninga? Yfirlsari bendir á rótarskilyrt víxl í pörum eins og *mánuður* og *hugsuður* sem vert er að taka eftir.

(15) nf. et. mán-uð-ur
ef. et. mán-að-ar

(16) nf. et. hugs-uð-ur
ef. et. hugs-uð-ar

Hér má að vísu velta því fyrir sér hvort *-uð* sé greint sem viðskeyti í málkunnáttu nútímamanna eða sem hluti af rót enda er þetta viðskeyti til-
tölulega sjaldgæft og trúlega ekki notað til nýmyndunar. Ekki skiptir þó máli fyrir samleguhoömluna að svona dæmi séu til jafnvel þótt *-uð* sé greint sem nafnorðsmyndan af málhöfum. Hamlan leyfir að hljóðfulltrúi nafnorðsviðskeytis ráðist af rót og beygingu enda er hvort tveggja myndanið línulega samliggjandi nafnorðsviðskeytinu.

Annað mynstur sem lítur út eins og hugsanlegt gagndæmi felst í því sem nefna mætti eignarfallstilbrigði. Orð eins og *skemmtun* og *aukning* hafa stundum sérstakan *-ar* hljóðfulltrúa fyrir ef. et. en stundum ekki vegna málbreytingar sem má lýsa á eftirfarandi hátt.

(17) et. nf. skemmt-un
þf. skemmt-un
þgf. skemmt-un
ef. skemmt-un-ar > skemmt-un

(18) et. nf. auk-ning
þf. auk-ning-u

þgf. auk-ning-u
 ef. auk-ning-ar > auk-ning-u

Dæmi um þessa málbreytingu eru gjarna rædd í sömu andrá og svokallaður **eignarfallsflótti** (Helgi Skúli Kjartansson 1979, 1999, Ásta Svavarsdóttir 1994, Helga Eggertsdóttir 2009, Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir 2009, Eiríkur Rögnvaldsson 2010). Hér verður hugtakið eignarfallsflótti aðeins notað fyrir breytingar þar sem eignarfall hættir að birtast hjá einhverjum málhöfum í hefðbundnu umhverfi eignarfalls. Hugtakið eignarfallstilbrigði verður notað um tilvik þar sem hljóðfulltrúi eignarfallsins er stundum ekki aðgreindur frá öðrum föllum. Eignarfallstilbrigði eru mikilvæg vegna þess að samleguhamlan útilokar málbreytingar þar sem beyging eins orðs breytist í gegnum nafnorðsviðskeyti. Eftirfarandi skema útskýrir hvernig beyging nafnorða ætti að geta breyst samkvæmt hömlunni:

(19) Mögulegar breytingar í nafnorðabeygingu.

	eitt orð breytist	öll orð umhverfis breytast
rót-beyging	mögulegt	mögulegt
rót- <i>n</i> -beyging	ómögulegt	mögulegt

Skemað sýnir hvers konar áhrifsbreytingar eru mögulegar og ómögulegar samkvæmt samleguhömlunni ef við nefnum breytingar á beygingu því nafni til aðgreiningar frá reglulegum hljóðbreytingum. Ef *skemmtun* er mögulegt nýtt eignarfallstilbrigði hjá einhverjum málhafa þá ætti sama núllending að vera mögulegt eignarfall með öllum orðum sem hafa *-un* viðskeytið. Á sama hátt ætti eignarfallið *-u* í *aukningu* aðeins að vera mögulegt í máli einhvers ef öll orð með kvk. *-(n)ing* leyfa sama mynstur. Þetta samræmist því mati höfundar að öll orð í þessum flokkum séu eðlileg með hvorri endingunni sem er þó að eldra mynstrið sé trúlega enn mun algengara. Höfundur veit ekki til þess að nein orð með þessum nafnorðsviðskeytum séu undanskilin eignarfallstilbrigðum.⁸

⁸ Yfirlesari bendir á að orð eins og *reikningur* séu stundum með endingarlaust þágufall. Kenningin spáir því að þau tilbrigði séu af sama tagi og tilbrigði í eignarfalli orða eins og *skemmtun* og *aukning*. Yfirlesari telur að í þessu tilviki geti beygingin endurspeglad merkingarmun og gefur dómána: *Ég benti þessum reikning beint í ruslið* og **Jón er góður í reikning*. Ef sá merkingarmunur er afdráttarlaus og alveg reglulegur þá er þetta, að minnsta kosti við fyrstu sýn, gagndæmi gegn samleguhömlunni sem ég hef ekki skýringu á. Mér finnst trúlegra að slík tilfinning um merkingarmun sé á stigi málbeitingar en málkunnáttu og að

Niðurstaða þessa kafla er sú að íslensk nafnorðabeyging sé til samræmis við samleguömluna. Rótarskilyrt beyging er möguleg ef beygingin er línulega við hlið rótar en hún er það ekki ef nafnorðsviðskeyti er borið fram milli rótar og beygingar. Sama viðskeytið beygist alltaf eins.

4. Niðurlag

Þessi grein styður þá tilgátu að samleguhamlan í orðhlutafræði sé raunveruleg með því að rannsaka beygingu íslenskra nafnorða. Íslensk nafnorð eru heppilegt viðfang til að láta reyna á tilgátuna vegna þess að hún spáir því að mikill fjöldi orða í málinu sé ónægur fyrir rótarskilyrtum myndbrigðum í beygingu. Niðurstaðan er sú að íslensk nafnorðabeyging brýtur ekki gegn samleguömlunni.

Þegar hægt er að skoða mikinn fjölda nafnorða án þess að finna nokkuð skýrt frávik frá alhæfingu um möguleg og ómöguleg mynstur er eðlilegt að líta svo á að það sé ekki tilviljun. Í þeirri útgáfu af dreifðri orðhlutafræði sem fjallað var um í greininni er samleguhamlan afleiðing af almennum lögmálum um skipulag málkunnáttunnar. Hún er þannig ekki sértæk staðreind um íslensku og ekki heldur empirísk alhæfing í tómarúmi.

Regluleikinn í gögnunum er slíkur að ef fyrirbæri finnast sem virðast vera gagndæmi gegn samleguömlunni við fyrstu sýn er eðlilegt að leita óháðra skýringa. Þá má t.d. spyrja sig hvort myndön voru bútuð niður á sama hátt í greiningunni og í málkunnáttu lifandi málhafa eða hvort hljóðkerfislegar skýringar komi hugsanlega við sögu. Þegar upp er staðið væri það nefnilega áfellsdómur yfir kenningum okkar um mannlegt mál ef það væri tilviljun að hátt í 2000 vel skilgreind nafnorð í íslensku séu öll laus við sama rótarskilyrta mynstrið sem finnst þó í ýmsum öðrum nafnorðum.

aðgreiningin sem yfirlesari vísar til sé einhvers konar meginleg tilhneiging frekar en eitthvað sem er afráttarlaust og hluti af málkerfinu. Þetta væri verðugt að kanna með frekari rannsóknum en mér sýnist auðvelt að finna dæmi á netinu um að þágufallið *reikning* sé notað um stærðfræði þannig að a.m.k. eru til fleiri málhafar en höfundur sem greina ekki afráttarlausan merkingarmun í svona víxlum.

HEIMILDIR

- Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í nútímalsensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandidatsritgerð höfundar frá 1986.]
- Ásta Svavarsdóttir. 1994. Enn um eignarfallsflóttu. *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar fimmtugs*, 24. ágúst 1994, bls. 7–13. Reykjavík.
- BÍN = *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Ritsstj. Kristín Bjarnadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Aðgengileg á Netinu.]
- Bobaljik, Jonathan David. 2000. The Ins and Outs of Contextual Allomorphy. *University of Maryland Working Papers in Linguistics*. 10:35–71.
- Czajkowska, Beata. 2009. *Athugun á eignarfalli eintölu sterkra karlkynsorða. Tvímýndir og frávik*. Ritgerð til B.A. prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. Setningafræði. [Kennsluefni á vef.] Sótt 2. Janúar 2015 af <https://notendur.hi.is/eirikur/setn95k7.htm>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2010. Smágrein handa Kristínu. *Nokkrar handlinur bróderaðar handa Kristínu Bjarnadóttur sextugri 9. janúar 2010*, bls. 27–32. Reykjavík.
- Embick, David. 2010. *Localism versus Globalism in Morphology and Phonology*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Embick, David. 2012. Contextual Conditions on Stem Alternations: Illustrations from the Spanish Conjugation. Irene Franco, Sara Lusini og Andrés L. Saab (ritstj.): *Romance Languages and Linguistic Theory 2010: Selected Papers from 'Going Romance'*, bls. 21–40. John Benjamins, Amsterdam.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Halle, Morris og Alec Marantz. 1993. Distributed Morphology and the Pieces of Inflection. Ken Hale og Samuel J. Keyser (ritstj.): *The View From Building 20*, bls. 111–176. MIT Press, Cambridge, MA.
- Harley, Heidi og Rolf Noyer. 1999. Distributed Morphology. *Glott International* 4(4):3–9.
- Helga Eggertsdóttir. 2009. *Eignarfallsflótti*. Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88–95.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. Orð í belg um eignarfallsflóttu. *Íslenskt mál* 21:151–160.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein Mathey. 2012. *Mig langar sjálfri til þess. Rannsókn á innri breytileika í fallmörkun frumlaga*. Ritgerð til B.A. prófs í almennum málvísindum, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Iris Edda Nowenstein. 2014. *Tilbrigði í frumlagsfalli á máltökuskeiði. Þágufallsneigð og innri breytileiki*. Ritgerð til M.A. prófs í almennum málvísindum, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Kristín Bjarnadóttir. 2010. Algilt -i eða hverfult? Um þágufall eintölu í sterkum hvorugkynsnafnorðum. Erindi flutt á 24. Rask-ráðstefnunni, 30. janúar 2010. [Glærur.]
- Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir. 2009. *Afdrif eignarfallsins*. Staða eignarfalls í íslensku

- nútímamáli. Ritgerð til M.A. prófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Merchant, Jason. 2015. How Much Context is Enough? Two Cases of Span-conditioned Stem Allomorphy. *Linguistic Inquiry* 46(2):273–303.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk Grammatik*. H. Hagerups Forlag, Kaupmannahöfn.
- Wood, Jim. 2012. *Icelandic Morphosyntax and Argument Structure*. Doktorsritgerð, NYU, New York.

SUMMARY

‘The adjacency constraint in Icelandic noun declension’

Keywords: noun declension, contextual allomorphy, locality, linear adjacency, Distributed Morphology, Icelandic

This paper discusses the hypothesis that conditions on contextual allomorphy require linear adjacency as formulated by Embick (2010) and carries out an empirical test of the predictions of this constraint in the declension of Icelandic nouns. The paper contrasts nouns in which there is no overt nominalization morpheme with nouns which do contain such a morpheme. Schematically, the two types of nouns can be described as root-nInfl vs. root-*n*-nInfl where *n* stands for an overt nominalizer and nInfl for the nominal inflection morpheme which expresses gender, case and number.

The adjacency constraint predicts that no root-conditioned allomorphy should be possible across an overt nominalizer. This means that despite evidence of root-specific declension patterns that must be memorized by speakers in the case of root-attached nInfl, there should be no root-conditioned exceptions in the realization of nominalizer attached nInfl. An empirical study was carried out on five distinct nominalizers in modern Icelandic using the Database of Modern Icelandic Inflection. The findings support the adjacency constraint. All of the five suffixes are associated with one declension pattern each and every word which has the same overt nominalizer has the exact same declension pattern. The paper discusses the implications of these results for the study of linguistic variation and change.

Anton Karl Ingason
Department of Linguistics
University of Pennsylvania
619 Williams Hall
255 S 36th Street, Philadelphia
PA 19104-6305, USA
ingason@ling.upenn.edu